

83 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útflutningsgjald af salt-
14. apríl. fisksfarmi. — Með þóknanlegu brjefi 22. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent
hingað beiðni frá H. Th. A. kaupmanni Thomsen, um að honum verði endurgoldin
195 króna 20 aura upphæð, sem hann hefir greitt í útflutningsgjald af saltfisksfarmi,
er sendur var út með skipinu «Ane Kristine», sem afgreitt var frá Íslandi í byrjun
janúar-mán. þ. á., en það er fært til ástæðu fyrir beiðninni, að fiskurinn hafi aflast fyrir
lok ágústmán. f. á. og sæti því þeirri álögu, að spítalagjald verði greitt af honum, sbr.
lög 4. nóvbr. f. á. §. 9.

Um þetta efni læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, að með því, að það er með fullri heimild
laga 4. nóvbr. f. á. og bráðabirgðarlaga 16. febr. þ. á., að útflutningsgjaldið er inn
heimt, verður endurbörgun sú, sem um er bedið, eigi veitt. En því skal við bœtt, að
jeg er yður samdóma um, að eptir bráðabirgðalögum 16. febr. þ. á. verði fiskur sá, sem
hjer um ræðir, undanþeginn spítalagjaldi.

84 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættiskostnað setts sýslu-
14. apríl. manns. — Með þóknanlegu brjefi dags. 14. febr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent
hingað ubónarbrjef frá Sigurði sýslumanni Sverrissyni, þar sem hann fer þess á leit, að
sjer verði úr landssjóði greiddar 100 kr. til endurgjalds á nokkrum hlut af þeim talsverða
kostnaði, er leiddi af manntalsþingaferðum hans um Dalasýslu síðastliðið sumar, en tjeðri
sýslu gegndi hann sem settur sýslumaður á tímabilinu frá 16. júní til 31. ág. f. m.
jafnhliða sínu eigin embætti, og fjeck hann fyrir það starf þóknun þá, er lög dags. 15.
okt. 1875 heimila, þegar svo á stendur.

I tilefni af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbein-
ingar, að ráðgjafann skortir heimild til að greiða hina umræddu upphæð úr landssjóði,
en að hann hinsvegar sje fús á, að reyna til að fá hana veitta með því að taka hana
upp í frumvarp fjáráukalaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

85 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um flutningshval — Með
14. apríl. þóknanlegu brjefi 31. desember f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað fyrir-
spurn frá amtmanninum í norður- og austur- umdæminu um það, hvort fyrir landssjóðs
hönd skuli tilkall gjöra til hluts af hval, sem veiddist í síldar-nót í sumar, er leið, við
strönd jarðarinnar Stóru Hámundarstaða, sem landssjóður á, og var drepinn þar með
byssuskotum og síðan róinn upp á lóð tjeðrar jarðar, en síðan var honum deilt milli
þeirra, er verið höfðu með að vinna hann, og ábúanda jarðarinnar; en umboðsmaður
hyggur að ábúandi muni ófús á að láta við landssjóð nokkuð af sínum hlut, nema eftir
dómi.

Út af þessu lætur ráðgjafinn ekki hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, herra
landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að bæði
sjálf rjettarspurningin er nokkuð vafasöm, en það, sem um er að gjöra hinsvegar
litils virði, þá þykir ráðgjafanum ekki ástæða til, að gjöra neina kröfu í þessu efni.

86 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskisýninguna í Edinaborg
19. apríl. — Tryggvi alþingismaður Gunnarsson vakti athygli ráðgjafans á því, að óskilegt væri